



# Gerð vindhviðu kortaþekju fyrir helstu þjóðvegi.

RANNSÓKNASJÓÐUR VEGAGERÐARINNAR

Einar Sveinbjörnsson | Veðurvaktin ehf | 30. ágúst 2021



## FYRIRVARI

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundur starfa hjá.

## INNGANGUR

Fyrir nokkrum árum var unnið að kortlagningu og lýsingu á hviðustöðum á helstu þjóðvegum landsins og var verkið styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Þar var leitast við að gefa greinargóða lýsingu á vindafari og veðuraðstæðum á þekktum hviðustöðum ásamt því að staðirnir voru hnitsettir. Verkinu var ekki fyllilega lokið þá og í raun aðeins um drög eða tilraun að ræða.

Markmið með hviðuþekju er að útbúa hnitsett kerfi upplýsinga um varasama hviðustaði á helstu stöðum þar sem kortaþekjan getur gagnast með öðrum kortum og/eða stafrænum upplýsingakerfum fyrir þjóðvegi landsins s.s. til miðlunar til vegfarenda.

Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

## AÐFERÐ Í HNOTSKURN

Rannsóknin er veðurfræðileg. Nálgunin er tvíþætt með hvaða hætti hviðustaður á þjóðvegum landsins er skilgreindur. Í fyrsta lagi voru greind vindmælingagögn á þekktustu hviðustöðunum og hins vegar var byggt á reynslu.

Miklu skiptir þekkingin á hviðuveðrum og hvers kyns veður það er sem valdur slíkum staðbundnum aðstæðum og hvað þurfi til í umhverfinu til að brjóta upp vindrastir í smærri hverfla. Reynslan er annars vegar hjá höfundi sem um árabíl hefur unnið með Vegagerðinni í veðurþjónustu m.a. með viðvörðunum um hvassviðri og sviptivinda. En ekki síður staðbundin þekking starfsmanna Vegagerðarinnar, einkum hjá reyndum verkstjórum þjónustusvæðanna úti um landið. Þeir þekkja manna best þá vegkafla sem um ræðir, og hafa næmi fyrir hættunni af foki ökutækja eða annara vandræða.

Á kerfisbundinn hátt var þessari reynslu safnað, ekki síst á þeim mörgu stöðum þar sem ekki eru vindmælingar eða mælingarnar ekki á “versta” blettinum. Vegkaflarnir sem um ræðir voru hnitsettir og eftir fremsta megni reynt að láta lengd þeirra endurspegla nokkuð nákvæmlega þar sem sterkar hviður eru skeinuhættar. Á sumum kaflanna er meiri óvissa hvar áhrifin taka fjara út og þeir er meðvitað hafðir lengri. Sums staðar er um lengri vegarkafla að ræða, en hnútarnir koma á vissum stöðum og gjarnan ekki þeim sömu. T.d. í Staðarsveit eða á Moldhaugnahálsi/Kræklingahlíð.

## NÁNAR UM HVIÐUSTADI

Við skráninguna var gerð sú meginkrafa að á viðkomandi stað væri þekkt að ökutæki eða vagnar hefðu fokið út af eða lent í öðrum vandræðum vegna vinds. Stundum á hálka eða skafrenningur með takmörkuðu skyggni einnig hlut að máli. Í sumum tilvikum er klæðning að flettast af en ökutækjum hlekkist síður á. Vitanlega fer þetta oftast saman. Eins var gerð rík krafa við flokkun að vandræðin væru vegna þess að vindurinn væri

byljóttur. Nokkrum vegköflum var meðvitað sleppt þar sem vissulega verður gjarnan hvasst af tiltekinni átt, en jafnvindi einkennandi. Ökumönnum einkum þeim sem þekkja minna til aðstæðna er vitanlega stundum hætta búin við þær aðstæður. Reykjanesbrautin í hvassri SA-átt er dæmi um slíkan stað.

Í flestum tilvikum eru það brött fjöll sem stífla eða brjóta upp vindstrengi hlémegin þeirra og valda misvindi og þar með sterkum hviðum.

Miðað er við 35 m/s í hviðum við talningu á stöðum, en á sumrin þegar fjöldi ökumann með ferðavagna fer um landið er rétt að lækka viðmið niður í 25 m/s. Í sjálfu sér skipta þessi mörk litlu máli í þeirri skráningu sem hér á sér stað, en vindmælir á minnihluta staðanna. Þröskuldarnir eru vissulega huglægir, en engu að síður viðmiðið það að vandræði af einhverju tagi sér þekkt. Á ljósaskiltum Vegagerðarinnar eru hviður þannig auðkenndar við 15 m/s.

Almennt var við það miðað að skráðir hviðustaðir væru á nokkuð fjölförnum vegum og örfáum þekktum hviðustöðum á fáfarnari útvegum var sleppt. Þá er alfarið litið fram hjá fjallvegum hálendisins (F-vegum).

## LÝSING OG SKRÁNING

Með hverjum þessara staða fylgir lýsing á íslensku. Tekið er fram hver sé helsta vindáttin í lofti sem valdi misvindi og skrifaður er stuttur lýsandi texti. Hann tiltekur oftast lengd kaflans, nokkuð um staðhætti og jafnvel hvar hnútarnir eru verstir. Aðeins um algengi, styrk og eðli. Þar með talið hvort blási þvert á veg eða eftir akstursstefnu. Tekið er fram þegar um svokölluð fjallaköst er að ræða, en þá er eins og blási úr fleiri en einni vindátt (jafnvel öllum áttum). Á flestum staðanna er aðeins ein tilgreind óveðursátt. Stundum er vindáttin vel afmörkuð, t.d. N, en á öðrum getur blásið undir víðara vindáttarhorni, t.d., N- eða NA-átt. Þá eru vindáttirnar í raun þrjár (N, NNA og NA).

Á þeim stöðum þar sem sviptivindar koma fyrir við ólíkar vindaðstæður, s.s. í Búlandshöfða á Snæfellsnesi er lýsingin ein, en þessar tilteknu ólíku aðstæður tilgreindar sérstaklega. Á einum staðnum þ.e. í Ljósavatnsskarði eru kaflarnir með áþekku hviðuástandi í raun tveir og skýlt á milli þeirra. Lýsingin er ein og hin sama en hnitpunktarnir hins vegar fyrir tvo vegkafla.

## HAGNÝTING

Með hviðupekjuni er til reiðu hnitsett kerfi upplýsinga fyrir 86 skilgreinda varasama hviðustaði eða vegkafla. Með hverjum þeirra fylgir lýsing og einkennandi vindátt eða vindáttir í lofti. Í raun er afrakstur þessarar rannsóknar kortaþekja sem getur hæglega gagnast með öðrum kortum eða stafrænum upplýsingakerfum fyrir þjóðvegi landsins.

Miðlun til vegfarenda á þessum upplýsingum er vel möguleg, t.d. beint á upplýsingaskilti eða í leiðsögutæki.

Þekjuna má birta samhliða vindmælingum og síðari hagnýting er að tengja hana við hviðuspár.

#### FYLGIGÖGN:

1. Tvær töflur yfir þá 10 staði þar sem hviður eru algengastar, metir út frá beinum mælingum Sú fyrri fyrir árið í heild, en síðari fyrir sumarmánuðina og með lægra þröskuldsgildi.
2. Tafla með skilgreindu sviði hvernar vindáttar
3. Lýsing á m.a. veðuraðstæðum, staðháttum ofl. fyrir alla 86 staðina.
4. Skrá með hnitum (DDM) fyrir alla vegkaflana -> sér fylgiskjal
5. Gagnatafla með öllum viðföngum hviðuþekjunnar -> sér fylgiskjal

1.

**Tíðni mældra vindhviða miðað við þröskuld; 35,0 m/s. Unnið var út frá öllum mælingum frá 2011-2020. Tíðnin er jafndreifð niður á mánuði, en eðlilega er hún alla jafna hæst yfir vetrarmánuðina.**

Tíðni þegar $fg \geq 35$ m/s. 10 hæstu.	
Hvammur	1,39%
Hafnarfjall	1,38%
Vatnsskarð eystra	1,22%
Stafá	1,22%
Hraunsmúli	1,22%
Sandfell	1,14%
Hamarsfjörður	1,11%
Kjalarnes	1,02%
Hafursfell	0,91%
Steinar	0,78%

Tíðni mældra vindhviða yfir sumarið (júní – ágúst) miðað við þröskuld; 25,0 m/s.

Sumar, (júní-ág)	
Tíðni þegar $fg \geq 25$ m/s. 10 hæstu.	
Hraunsmúli	2,2%
Kjalarnes	2,1%
Hafursfell	2,0%
Reynisfjall	2,0%
Hafnarfjall	1,8%
Hamarsfjörður	1,8%
Hvammur	1,4%
Lómagnúpur	1,1%
Stafá	1,1%
Vatnsskarð eystra	0,9%

2.

Skilgreindar vindáttir í gráðum. Höfuðáttirnar 8 eru hafðar víðfemari en milliáttirnar. Miðað er við vindátt í fjallahæð.

Vindátt	Lægri°	Efri°	Spönn°
NV	305	345	40
NNV	335	355	20
N	340	20	40
NNA	15	35	20
NA	25	65	40
ANA	55	75	20
A	70	110	40
ASA	105	125	20
SA	115	155	40
SSA	145	165	20
S	160	200	40
SSV	195	215	20
SV	205	245	40
VSV	235	255	20
V	250	290	40
VNV	285	305	20

# Suðurland.

1.

## Ingólfsfjall (1)

*N-átt*

Kafla undir Ingólfsfjalli frá Kögunarhóli austur fyrir malargryfjur ofan vegar. Geta komið harðir hnútar frá fjallinu jafnvel þegar vindur er annars ekki svo hvass. Algengast er að vindur standi ákveðið frá Ingólfsfjalli og þá þvert á veginn. Vindmælir.

2.

## Heimaland (1)

*A-átt (ANA)*

Kafla sem er um 1 km á þjóðveginum undir Vestur-Eyjafjöllum rétt austan við skólann á Heimalandi og áfram austur fyrir gatnamótin að bænum Fit. Í hvassri A-átt kemur loftið ofan af Seljalandsheiðinni og niður skörðótt klettabeltið norðan vegarins. Vindurinn stendur skáhalt á veginn. Hnúturnir eru hvað harðastir vestast á kaflanum.

3.

## Hvammur (1)

*A- og ASA-átt*

Vindur verður afar byljóttur á stuttum kafla, verst þó rétt framan við bæinn Hvamm. Vindáttin er skáhalt eða nokkuð samsíða veginum, en sviptivindar geta komið beggja vegna á hlið eftir akstursstefnunni. Hvergi mælist hærri tíðni hviðuveðurs en á þessum stað. Vindmælir.

4.

## Steinar (1)

*NA- og ANA-átt*

Nokkuð langur kafla á þjóðveginum frá því skammt vestan Steinabæina austur að gatnamótum niður að Eyvindarhólum. Illviðri þarna verða frekar í NA-átt og fara því ekki alltaf saman við hviðuveður í A-átt vestar undir Eyjafjöllum. Vindurinn blæs þarna skáhalt á veginn. Nokkuð algengt, en verst að haust- og vetrarlagi. Vindmælirinn við Steina gefur ekki alltaf rétta mynd af veðurskilyrðum, þar gætir skjóláhrifa eftir því sem vindáttin er norðaustansteðari á sama tíma og allt ætlar um koll að keyra nokkru austar. Vindmælir.

5.

## Drangshlíðarmúli (1)

*A-átt*

Stuttur kafla við Skarðshlíð undir Drangshlíðarmúla. Vestan múlans koma öflugir hnútar í A-átt aðeins skáhalt á veginn. Ekki svo misvinda og áttin nokkuð stöðug.

## 6.

### Skógar (1)

*A-átt*

Stuttur spotti á veginum þar sem vegurinn liggur framhjá lágum rana skammt vestan við Skógafoss. Í A-áttinni verða miklir sviptivindar sem kastast beggja vegna vegarins. Austan ranans eða við brúna yfir Skógá koma hnútarnir með klettaveggnum þvert á veginn. Bílar hafa lent þarna í vandræðum og fokið út af.

## 7.

### Steigaroddar (1)

*A-átt*

Á flatlendinu austan við brúna yfir Klifanda í Mýrdal er kafli þar sem A-áttin nær sér vel á strik austur að gatnamótunum að bænum Steig. Ekki áberandi byljóttur vindur, en foráttuhvass og nokkuð jafn vindur nærri því þvert á veg.

## 8.

### Heiðarafleggjari (1)

*SV-átt*

Eini staðurinn við hringveginn sunnanlands þar sem landslagið magnar upp vind í SV-átt. Loftið berst yfir skarpar brúnir Fjallsenda Reynisfjalls. Magnast og iðuköst ná niður og þvert á veginn á um 500 metra kafla. Ekki er stætt þarna á meðan verst lætur. Ekki algengt og þá helst yfir vetrarmánuðina. Stundum verður mikil blinda í éljum og hálka sem eykur hættu af útafakstri. Vindmælir.

## 9.

### Grafarhóll/Skjónugil (1)

*A-átt / V-átt.*

Skammt austan við Heiðarafleggjara, efst í slakkanum niður til Víkur er varasamur staður. Efst á kaflanum standa byljirnir ofan frá Höttu í A-átt. Neðar eða við svokallað Skjónugil er það V-áttin sem steypist niður Reynisfjall, en slík hvassviðri eru fremur fátíð. Við bæði þessi vindskilyrði verða mikil fjallaköst með sviptivindum. Frekar hættara stærri ökutækjum og flutningabílum.

## 10.

### Núpahótel (1)

*NNV-átt*

Malbik hefur fokið af rétt austan við Núpahótel á um 500 m kafla. Nokkuð jafn vindur en hviður á milli. Kemur skáhalt eða nokkuð þvert á veginn. Svipuð vindátt og við Gígjukvísl þegar sandfok verður.



**12.**

**Lómagnúpur (1)**

*ANA-átt / N-átt*

Vestanvert við Lómagnúp er mjög varhugaverður hviðustaður. Þar eiga vindhviðurnar það til að rjúka upp í ANA-átt. Strokurnar standa þá ofan úr lágu skarði í Lómagnúpi. Aðeins austar sem vegurinn liggur næst hamrabelti Lómagnúps verður í N-átt vindur einnig æði byljóttur þegar hvasst er. Vindmælir.

## **Suðausturland og Austurland.**

**16.**

**Svínafell (1)**

*NA-átt*

Í hvasstri NA-átt steypist loftið niður tindana á milli Svínafellsjökuls og Fallsjökuls. Vegkaflinn nær frá Skaftafellsá austur fyrir Svínafellsbæina. Nær sér aðeins upp undir þröngu horni vindáttar, en annars er betra skjól.

**17.**

**Sandfell og Hof (1)**

*A- og ANA-átt*

Mikill óveðurskafl, einkum í A- og ANA-átt. Einnig þegar vindurinn er NA-stæður í verstu veðrum. Hviðurnar koma oftast þvert á veginn hjá Sandfelli og þar eru glögg skil á milli gróins lands og örfoka sands. Kaflinn er nánast samfelldur austur fyrir Hof. Þar er skýlla, en upp brekkuna og beygjuna til austurs koma hnútar og getur þá tekið nokkuð snögglega í stýri ökumanna. Vindmælir.

**18.**

**Kvísker (1)**

*VNV-átt*

Í hvössum vindi undir þröngu horni rétt norðan við vestur, koma feykiharðir hnútar ofan af Öraefajökli. Staðurinn er vel þekktur fyrir snarpar hviður og nær hann frá vindmælinum í vestri austur fyrir gatnamótin að Kvískerjum. Vindmælir.

**19.**

**Hali í Suðursveit (1)**

*NNV-átt*

Dálítill kafla frá Sléttaleiti vestur fyrir Reynivelli. Í NNV-átt stendur vindurinn af Steinafjalli og koma hnútar þvert á akstursstefnu. Dæmi um að bílar hafi fokið þarna út af.

**20.**

**Borgarhöfn (1)**

*NV- og N-átt*

Kafla vestan við Vagnsstaði og neðan við Borgarhöfn í víðri beygju á veginum. Hliðarhalli er í beygjuni og gerir ástandið verra, þegar sviptivindarnir og þvert á og undir bílana. Vindmælir.

**21.**

**Viðborðssel á Mýrum (1)**

*NV-átt*

Hvass vindur í NV-átt, en að mestu fremur jafn. Við Viðborðssel gerir varasama sviptivinda þar sem vegurinn liggur um klettasund á nokkur hundruð metra kafla. Ökutæki hafa lent í vandræðum á þessum kafla.

**22.**

**Dynjandi í Nesjum (1)**

*N- og NA-átt*

Um 4 km kafla frá Dynjanda austast í Nesjum með brattri hliðinni undir Skarðstindi, alveg að gangnamunna Almannaskarðs. Nær gangnamunnum skrúfast hnútarnir niður í NA-átt, en vestar, við bæinn Dynjanda eru hviðurnar meira í N-átt og stendur vindurinn þá út dalinn. Á kaflanum eru fjallaköst einkennandi og geta hnútarnir komið úr öllum áttum.

**23.**

**Þorgeirsstaðir í Lóni (1)**

*NV- og V-átt*

Kafla á veginum við Þorgeirsstaði um 3 - 4 km austur fyrir Volasel að Brunná. Stendur strengurinn út Þorgeirsstaðadalinn og hviður koma skáhalt á veginn. Iðuköst geta líka komið úr suðvestri eða suðri eftir veginum.

**24.**

**Reyðará í Lóni (1)**

*NV-átt*

Mjög hvasst og byljótt getur orðið á stuttum kafla alveg við Reyðará. Stendur út Reyðarárdalinn og hnútar af Reyðarártindi. Frekar fátítt og aðeins í verstu veðrum, en þá ætlar líka allt um koll að keyra.

**25.**

**Svínhólar í Lóni (1)**

*N-átt*

Undir Reyðarártindi skammt austan Reyðarár er kafla við Skiphóla þar sem blásið getur í hánorðanátt. Strengur stendur út Össurárdal þvert á veg og eins slær fyrir Reyðarártind að vestanverðu.

## 26.

### **Hvaldalur (1)**

*N- og NV-átt / S- og SV-átt*

Sérlega varasamur samfelldur langur kafli frá Hvalnesvita fyrir Eystrahorn í Hvaldal og um skriðurnar allt austur í Þvottáskriður. Í Hvaldal liggur vegurinn um gróðursnauðan sand. Þar gerir feykisterka hnúta, einkum þegar vindur er norðvestanstæður, Mjög hætt er við foki og klæðning hefur oft farið þarna af veginum. Einnig verða sviptivindar í Hvalnes- og Þvottáskriðum. Í SV- og líka S-átt, slær fyrir Eystrahornið með miklum iðuköstum, sandfoki og grjótkasti beggja vegna við brúna í mynni Hvaldals. Við Hvalnesið sjálft er sérlega byljótt í N- og NV-átt. Iðuköstin eiga það til að koma úr öllum áttum og ekki þarf að vera hvasst annars staðar.

Vindmælir við Hvalnes og vindmælir við Hvalnesá.

## 27.

### **Hofsdalur í Álftafirði (1)**

*N- og NV-átt*

Stuttur kafli í beygju, skammt austan brúarinnar yfir Hofsa. Annar kafli mjög stuttur er þarna rétt hjá við Þangbrandsbryggju, þar sem raflína þverar veginn. Strengurinn stendur út Hofsdal með fjallsbrúnum norðan hans.

## 28.

### **Blábjörg í Álftafirði (1)**

*N- og NV-átt*

Undir brattri hlíð Kálfshamarsfjalls við norðanverðan Álftafjörð er um 3 km kafli við bæinn Blábjörg þar sem vindhviður þvert á veg í N- og NV-átt geta verið skeinuhættar. Verst í beygju við Hólsnes og þar hefur malbik fletts af vegi. Þarna stendur vindur út Geithellnadalinn og slær fyrir há og brött fjöllin að norðanverðu. Misvindi og gjarnan af sjó. Þá úr suðvestri eða jafnvel suðri þvert á veg.

## 29.

### **Hamarsfjörður (1)**

*NV-átt*

Um 4 km kafli frá botni og um norðanverðan Hamarsfjörð. Á honum mestöllum verður snarvitlaust veður í N- og NV-átt og bílar hafa oft fokið út af veginum. Mikil fjallaköst og koma hnútarnir ekki síður af hafi eða úr suðvestri. Þarna mælsat einna hæstu gildi vindhviða við vegi landsins. Vindmælir.

### 30.

#### Urðarteigur í Berufirði (1)

*N- og NNV-átt*

Við vestanverðan Berufjörð eru hömrum girtir tindar sem brjóta auðveldlega upp vindrastir. Um 10 km innan við Djúpavog liggur vegurinn yfir dálitla hæð hjá Urðarteigi. Sunnan í henni verður oft hvasst í N-átt og vindur byljóttur. Vindurinn kemur þarna skáhalt á veginn á um 1 km kafla.

### 31.

#### Berufjarðarströnd við Streiti (1)

*N- og NV-átt*

Á nokkuð löngum 7 km kafla frá Núpi rétt austur fyrir Streiti verður bálhvasst og vindur byljóttur í N- og NV-átt. Vel þekktur staður og hvimleiður vegfarendum enda er vindur nánast þvert á veginn við þessi skilyrði. Verst er á 500-600 m kafla við veðurstöðina.

### 32.

#### Stöðvarfjarðarbotn (1)

*SA-átt*

Vindur stendur inn fjörðinn. Þrenging er í firðinum sem magnar upp vindhraðann. Það hvasst að klæðning hefur fokið og sérlega varasamt ökutækjum í beygjuni á um 500 m kafla frá brúnni yfir Stöðvará og að Óseyri.

### 33.

#### Fáskrúðsfjörður (1)

*S-átt*

Frá Fagraeyri út fyrir Hvamm verða sviptingar af fjöllum og steypast strengir niður á láglandi, þvert á veg. Nokkuð algengt, en sjaldan aftakaveður. Um 3 til 4 km kafla og verst til beggja enda.

### 34.

#### Fagridalur, Græfur(1)

*NV-átt*

Þegar hvasst er af NV á Austfjörðum koma harðir sviptivindar í Græfum. Bílar hafa fokið út af á um 2 til 3 km kafla frá Köldukvísl skammt frá gatnamótunum til Mjófjarðar og upp fyrir miðja brekku í Græfum áður en komið er upp á sjálfan Fagradal. Vindmælir.

### 35.

#### Álverið í Reyðarfirði (92)

*N-átt*

Skeinhættir sviptivindar standa þvert á veg og varasamir sérstaklega stærri ökutækjum. Einkum þegar er hálka. Kaflinn nær frá gatnamótum Mjóeyrarhafnar og að gatnamótum álversins. Einna verst verður nærri endurbyggða bænum á Sómastöðum.

**36.**

**Fannardalur (92)**

*VNV- og NV-átt*

Slær út Fannardalinn og um leið og komið er út úr göngunum koma harðir hnútar skáhalt á akstursstefnu. Vegkaflinn er um 1 km frá gangnamunnum og út dalinn. Varhugavert þegar komið er út úr göngunum í snarpan og byljóttan vindinn, ekki síst þegar vegurinn er að auki blautur eða háll. Vindmælir.

**41.**

**Vatnsskarði eystra (94)**

*ANA-átt / VNV-átt*

Á Vatnsskarði eystra er einn alræmdasti hviðustaður landins. Vindurinn er þvingaður um skarðið ýmist úr ANA eða úr VNV. ANA-vindáttin er algengari og mun skeinuhættari. Hviðurnar fylgja stormum og eru algengara að vetrarlagi. Kemur þó fyrir á sumrin, einkum V-áttin. Vindmælir.

**42.**

**Njarðvíkurskriður (94)**

*V-átt*

Um 2 km kafla í Njarðvíkurskriðum þar sem hviður koma um skörð og steypast niður bratta hlíðina. Verður við svipaðar veðuraðstæður og í V-átt í Vatnsskarði eystra. Hvað verst skammt innan við krossinn við veginn, en skánar mikið í brekkurótum vegarins ofan við Landsenda.

**43.**

**Hvanná á Jökuldal (1)**

*NV-átt.*

Á þjóðveginum innan við Hvanná og að Hjarðargrund verður oft feyki hvasst og varasamt í NV-átt sem stendur þvert á veg á um 4 til 5 km kafla. Syðst á kaflanum verða fjallaköst og vindur kemur þá úr gagnstæðri átt þar sem dalurinn þrengist. Varasamast í hálfu og skafrenningi en líka skeinuhætt á þurrum vegi. Nokkuð algengt og einnig á sumrin.

## Hvalfjörður og Borgarfjörður.

47.

### Kjalarnes (1)

*N-og NNA-átt*

Einn versti hviðustaður landins þar sem fok er algengt. Í N- og NNA-átt koma miklir hnútar ofan Kerhólakamb. Mest kveður að hviðum á veginum í beygjinni upp úr Kollafirði á um 900 m kafla. Vindurinn stendur nokkurn veginn þvert á akstursstefnu. Aðeins utar, þ.e. til móts við Esjuberg ber einnig á hviðum í N-átt, en sjaldan eins slæmt og þó fok ökutækja og aftanívagna þekkist þar einnig.

48.

### Grundarhverfi/Blikdalsá (1)

*SA- og A-átt*

Kafla á utanverðu Kjalanesi frá Grundarhverfi og að Blikdalsá, þar sem veðurstöðin stendur. Þarna magnast vindur af skörpum fjallsbrúnum vestanvert við Blikdalinn. Bílar hafa fokið út af á nokkrum stöðum. einkum í hvassri SA-átt. Fylgir oft Hafnarfjalli, en hviðuveður er ekki eins algengt og þar. Utantil á Kjalarnesi virðist sem að vindhraði í lofti þurfi að komast yfir hærri þröskuld svo af hljótist verulegt misvindi. Vindmælir.

49.

### Tíðaskarð (47)

*SA- og A-átt*

Þekktur hviðustaður undir hamrabeltinu vestan í Esjunni. Um leið og komið er úr Tíðaskarði koma snarpir hnútar þvert á veginn. Kaflinn er um 1,5 km langur og nær að gatnamótum niður að Melum. Hviðurveður þarna eru um tvisvar sinnum algengari en við svipuð veðurskilyrði í Grundarhverfi og við Blikdalsá. Vindmælir.

50.

### Hvalfjarðarbotn (47)

*A-átt*

Tæplega 4 km langur kafla undir Votabergi þegar komið er úr Brynjudal. Brött hlíðin magnar upp vind og sveipi. Sérlega varasamt í beygjinni við brúna yfir Botnsá, en þar blæs þvert á ökutæki. Strengurinn út Botnsdalnum í hvassri A-átt getur orðið mjög stríður og bílar lent þar í vandræðum. Lagst þegar komið er úr beygjinni og mun skjólsælla er við bílastæðið við upphaf gönguleiðarinnar á Þyri og Síldarmannagötur.

51.

### Þyrilsnes (47)

*A- og SA-átt*

Efst á Þyrilsnesi magnast upp vindur og miklar hviður og fjallaköst koma meðfram og ofan af hömrum Þyrils. Óveðurskaflinn er verstur í beygjinni í brekkuna vestur fyrir efnisnámuna. Algengt og skiptir litlu hvort er A- eða SA-átt. Hættulegur staður í verstu veðrum á haustin og veturna.

**52.**

**Hafnarfjall (1)**

*SA- og A-átt / NA- og ANA-átt*

Þessi þekkti vindhviðukaflí á Vesturlandsvegi er margslunginn þar sem hnútarnir koma ýmist ofan Hafnarfjall eða með Hafnardal syðst á kaflanum. Hviðuástand er algengast samfara hvassri SA-átt. Þá er verstur kaflinn við Hafnarána og um 600-800 metra norðan hennar. Fok bíla og aftanívagna er algengt á öllum tímum ársins. Norðar á veginum þar sem hann liggur nær fjallsrótum koma hnútar frekar í A og NA-átt og þá oftast skáhalt á veginn. Minna þar um fok en sviptivindar koma gjarnan úr öllum áttum þegar hvað hvassast verður. Vindmælir.

**53.**

**Seleyri- Skeljabrekka (50)**

*SSA- og S-átt*

Á Borgarfjarðarbraut allt frá gatnamótum Vesturlandsvegar að Innri Skeljabrekku er um 7 km kaflí þar misvinda verður í hvassri SSA-átt. Ekki þarf að muna nema örfáum gráðum í vindátt til fjalla hvar byljirnir eru verstir og hvort yfir verði misvindi. Ökutæki hafa lent í vandræðum og fokið út af. Veðurhamurinn helst stundum í hendur við veginn undir Hafnarfjalli, en í sunnanstæðum vindi ná hviður niður á Borgarfjarðarbraut á meðan sleppur frekar undir Hafnarfjalli.

**54.**

**Borgarfjarðarbraut við Kvígstaði (50)**

*SA-átt*

Á um 2 km kafla á tiltölulega opnu svæði til móts við bæinn Kvígstaði í Andakíl verður mjög hvasst í SA-átt. Harðir hnútar þvert á vegin. Einkum varasamt stærri ökutækjum. Helst oftast í hendur við hviðuveður undir Hafnarfjalli.

## **Snæfellsnes og Dalir.**

**56.**

**Hafursfell (54)**

*ANA og A-átt*

Kaflí vestan undir Hafursfelli að Stóru Þúfu. Strengurinn stendur ofan af Hafursfelli og eins meðfram bröttu fjallinu. Strangt til tekið eru þetta tveir staðir á veginum, annars vegar undir Hafursfelli á bletti til móts við Hólsland og hins vegar heldur vestar á milli Miklaholtssels og Stóru Þúfu. Bílar hafa ítrekað fokið þarna út af. Vindmælir.

**57.**

**Hjarðarfell (56)**

*N-átt*

Í norðanvindi stendur sterkur strengur út Hjarðarfellsdalinn og yfir neðsta hluta Vatnaleiðar. Bílar fá þarna á sig hnúta og óhöpp eru þekkt. Kaflinn sem um ræðir er um um 1,6 km og nær frá því skammt neðan afleggjarans að Hjarðarfelli upp fyrir brúna yfir Köldukvísl.

**58.**

**Staðarsveit (54)**

*N-átt*

Langur kaflí, um 12-15 km í Staðarsveit þar sem hnútarnir standa af fjöllum víðast þvert á veg. Mjög þekktur fokstaður og hviðuveður tíð á öllum árstímum. Versti kaflinn frá því skammt austan Hraunsmúla vestur fyrir gatnamót Útnesvegur. Vindmælir.

**59.**

**Fróðárheiði-I (54)**

*SA-átt*

Á Fróðárheiði verður óskaplega mikil veðurhæð þegar hvasst er af suðaustri. Á kafla efst, frá veðurmæli og niður heiðarbrúnina er andstyggðarstaður við þessi skilyrði. Vindröst þrengir sér um skarðið þar sem vegurinn liggur á milli Jökuls og Snæfellsnesfjallgarðsins. Bílar hafa fokið þarna út af en þykir bót í máli að vindáttin er því sem næst samsíða akstursstefnu. Kaflinn nær niður fyrir Sæluhúsið þar sem verða sviptivindar um bratt Miðfellið og þá þvert á akstursstefnu. Kaflanum lýkur að norðanverðu þar sem raflínan þverar veginn. Vindmælir.

**60.**

**Fróðárheiði-II (54)**

*V- og SV-átt*

Í hvasstri V-átt standa miklir byljir af brúnum Axlarfjalls og þvert yfir veginn í brekkunum á sunnanverðri Fróðárheiði. Ekki algengt, en varasamt og bílar hafa lent í vandræðum.

**61.**

**Axlarhólar (574)**

*N-átt*

Þar sem Útnesvegur liggur um Axlarhóla, austast í Breiðuvíkinni gerir mjög varasamar hviður í hvasstri N-átt. Lýkur til móts við bæinn Knörr. Helst í hendur við hviðuveður í Staðarsveit. Undir Axlarhyrunni verða mikið misvindi og blæs þá úr öllum áttum. Bílar hafa oft fokið út af, jafnvel í báðar áttir.



**62.**

**Klifhraun (574)**

*N- og NV-átt*

Stuttur kafli þar sem ekið er til vesturs upp Klifhraun vestast í Breiðuvíkinni. Þarna stendur strengurinn niður úr Kýrskarði ofan af Jökulhálsi. Snarpar vindhviður á þessum stað þvert á veg og bílar hafa fokið út af svo og klæðning af vegi.

**63.**

**Stapafell (574)**

*N-og NV-átt*

Skammt austan gatnamóta Arnarstapa þar sem vegurinn liggur í slakka við Stapafell verður vindur byljóttur í N-átt. Líkt og víða annars staðar þar sem vegstæði er í brekkurótum brattru múla verða gjarnan fjallaköst og hnútarnir koma allt eins úr suðri eða suðvestri heldur en beint ofan af Stapafelli eins og ætla mætti.

**64.**

**Hellnahraun (574)**

*NV- og N-átt*

Í Hellnahrauni, vestan Arnarstapa að Hellnaafleggjara er annar kafli þar sem vindhviður geta orðið skeinuhættar. Vindurinn kemur ofan af Snæfellsjökli og magnast upp vestanvert við Stapafell. Frekar þegar vindáttin er norðvestanstæð sem hnútarnir ná sér upp. Stapafellið getur líka magnað upp hviður á sömu slóðum í ANA-átt.

**65.**

**Á milli Purkhóla og Djúpalóns (574)**

*NA- og ANA-átt*

Kafli frá Purkhólum og að gatnamótum niður á Djúpalónssand. Þarna getur orðið mjög hvasst og á kaflanum hafa bæði bílar og slitlag fokið.

**66.**

**Saxhóll (574)**

*SA-átt*

Neðan Geldingafells og Hreggnasa þar sem vegurinn liggur nærri Saxhóli er sviptavindasamt í SA-átt. Stendur þá niður Saxhólsdalinn úr skörðum ofan úr Jökli. Stuttur kafli sem nær undir Móðulæk. Ekki algengt og aðeins í hörðustu veðrum. Klæðning hefur fokið þarna af.

**67.**

**Ólafsvíkurenni (574)**

*SA- og S-átt*

Ólafsvíkurennið er eitt þessara bröttu fjalla sem skapa kröftuga vindsveipi. Slær fyrir í SA-átt og líka í hreinni S-átt. Kaflinn nær frá Sveinsstöðum í vestri og langleiðina inn í Ólafsvík. Þar standa hviðurnar meira á móti undir Enninu sé ekið í átt til Ólafsvíkur. Bílar hafa fokið út af á þessum stað.

**68.**

**Bugsmúli (574)**

*SA-átt*

Rétt innan Ólafsvíkur er annar vandræðakafli frá félagsheimilinu Klifi inn fyrir Bugsmúlann. Vindur magnast um skörð í fjallgarðinum austan Fróðárheiðar. Algengt að þarna sé byljóttur vindur í SA-áttinni, en fok bíla er þó fremur fátútt en staðkunnugir eru vel varðbergi þegar þarna blæs.

**69.**

**Búlandshöfði (57)**

*S-átt / NA-átt.*

Vegurinn um Búlandshöfða er einn versti kaflinn á Snæfellsnesi þegar vindhviður eru annars vegar. Hnútar standa fram af brúnum Búlandshöfða í S-átt og stundum jafnvel einnig í SA-átt að vestanverðu við bæinn Mávahlíð. Á þessum sömu slóðum og þar sem ekið er upp slakkann fyrir Búlandshöfðann slær fyrir í NA-átt, en hviðurveður nær sér ekki upp nema þegar mjög hvasst er. Þá blæs samsíða veginum. Austanvert í Búlandshöfðanum inn undir Lárvaðal er líka varasamt í hvasstri S-áttinni þar sem iðuköstin koma að ofan niður snarbratt fjallið. Vindmælir.

**70.**

**Lárkot í Eyrarsveit (57)**

*S-átt*

Dálítill kafli þar sem S-áttin stendur þvert á veginn. Strengurinn stendur þá út eftir dal vestan hinnar bröttu Mýrarhyrnu til móts við Lárkot og alveg að gatnamótum niður að Kvíabryggju. Ekki versti hviðustaðurinn á utanverðu Snæfellsnesi, en samt varasamur og vitað um bíla sem þarna hafa fokið.

**71.**

**Grundarbotn (vegur 57)**

*S-átt*

Innan Grundarfjarðar í Grundarbotni er einn þessara staða þar sem byljóttur vindurinn steypist niður úr fjallaskörðum Snæfellsness þvert á veginn. Algengt að haust- og vetrarlagi. Þarna verður hvasst við áþekk veðurskilyrði og við Búlandshöfða í S-átt, við Lárkot og í Hraunfirði.

**72.**

**Hraunsfjörður (57)**

*S-átt*

Einn versti hviðustaðurinn á Snæfellsnesi. Vestan við brúna yfir Hraunsfjörð á nokkur hundruð metra kafla að Berserkseyrará. Þarna flettist af klæðning og hafa orðið alvarlega slyss af völdum foks. Strengurinn kemur að ofan um Gjafadal á milli Gjafamúla og Kolgrafarmúla. Þessi fjöll eru ekki mjög há, en ofar og upp af botni Hraunsfjarðar eru hærri fjöll sem brjóta upp vindröstina og auka styrk hennar.

**73.**

**Bjarnarhafnarfjall (57)**

*S-átt*

Á stuttum vegkafla vestast í Helgafellssveit undir Bjarnarhafnarfjalli koma hnútar í S-áttinni með lágu Seljafellinu og innan úr Hraunsfirði. Yfirleitt talsvert minni veðurhamur en vestan brúarinnar við Berserkseyri yfir Hraunsfjörð.

**74.**

**Stórholt (57)**

*S-átt*

Nokkuð langur kafli með sviptivindum í S-átt frá gatnamótum gamla Kerlingarskarðsvegarins og að brúnni yfir Gríshólsá. Einna verstir verða byljirnir til móts við bæinn Gríshól þar sem sunnanvindurinn brotnar upp í harða hnúta á leið sinni niður skörðin. Vindmælir.

**75.**

**Svelgsá (57)**

*SA-átt*

Við utanverðan Álftafjörðinn á kafla við bæina Hóla og Svelgsá ná vindhviður sér á strik í SA-átt. Á norðanverðu Snæfellsnesi er það helst S-átt sem veldur hviðurveðri, en á þessum kafla gerist það í SA-átt þegar vindurinn steypist niður hlíðar Ljósufjalla. Bílar oft lent í vandræðum þarna og verstí kaflinn er rétt vestan brúarinnar yfir Svelgsá.

**76.**

**Fellsendi (60)**

*NA-átt.*

Á Búðardalsvegi neðan Bröttubrekku að vestanverðu er um 2 km kafli frá bænum Gröf að Fellsenda þar sem NA-byljir koma þvert á veg. Vindur getur orðið mjög byljóttur og bílar hafa fokið út af. Vindátt og veður haldast í hendur við NA-átt á Gillastaðamelum og undir Hvolfsfjalli í Saurbæ.

**77.**

**Svínadalur (60)**

*NA- og ANA-átt*

Langur og að mestu samfelldur kafli norðarlega á veginum um Svínadal niður í Saurbæ. Við Njálsgilsbrekku til móts við eyðibýlið Hvolssel verður vindur afar byljóttur í ANA-átt og bílar þar lent í foki. Aðeins neðar og undir Hvolfsfjalli frá Bessatungu út undir Máskeldu standa harðir hnútar í NA-átt niður af skörpum brúnum Hvolfsfjallsins þvert á veginn. Fjallaköst og vindur getur komið úr öllum áttum. Varasamur staður ekki síst að vetrarlagi þegar skafrenningur er. Vindmælir.

**78.**

**Hvolsfjall – Rauðasíkið (60)**

*A- og NA-átt*

Undir Hvolsfjalli frá Skriðulandi og vestur fyrir Brunná. Þarna á rúmlega 1 km kafla koma harðir hnútar þvert á veg. Fremur algengt á öllum árstímum og sérstaklega varasamt stærri bílum.

**79.**

**Gilsfjarðarfylling (60)**

*NA-átt,*

Í NA-átt koma harðir hnútar að norðanverðu yfir fjörðinn. Einkum frá fyllingunni skammt sunnan brúarinnar og að gatnamótum Geiradalsvegar. Fok ökutækja er þekkt og stærri bílar eða með aftanívagna lenda þarna í vandræðum.

**80.**

**Gillastaðamelar (60)**

*NA-átt*

Í Reykhólasveit ofan við bæina Mýrartungu og Gillastaði er varasamur kafli þar sem vegurinn liggur um Gillastaðamela. Þarna rekur á harða hnúta í NA-átt ofan af Mýrartunguhálsi og meðfram honum að sunnanverðu út Bæjardal. Fok ökutækja er þekkt og stærri bílar lenda þarna í vandræðum. Nokkuð algengt að vetrarlagi, en síður á sumrin eða snemma haustsins. Vindmælir.

## **Vestfirðir og Strandir.**

**81.**

**Barðaströnd- Hamarshyrna (62)**

*NA-átt*

Vel þekkt misvindi í NA-átt á um 10 km kafla þar sem slær fyrir á milli Rauðsdals og Vaðalsdals undir brattri Hamarshyrnunni. Nokkuð algengt, en verst yfir vetrartímann og þarna þurfa ökumenn að sýna talsverða aðgæslu.

**82.**

**Raknadalur (63)**

*NA-átt*

Stuttur kafli fyrir mynni Raknadals í Patreksfirði. Vindmögnun verður niður dalinn og rekur á harða hnúta í verstu veðrum og þá þvert á veginn. Bílar hafa fokið út af.

**83.**

**Geirsmúli í Patreksfirði (63)**

*NA-átt*

Um 100 m innan við byggðina á Patreksfirði undir Geirsmúla er stuttur vegarkafli á Barðastrandarvegi þar sem hviður fylgja hvassri NA-átt. Bílar hafa fokið út af, en einkum þegar snjór og hálka er á vegi. Oftast ekki til ama utan vetrarins.

**84.**

**Húsadalur í Tálknafirði (63)**

*NA-átt*

Neðst á veginum upp á Hálfmán ofan við Eysteinsyri. Þarna rekur á öfluga hnúta í algengum NA-stormum á öllum árstímum. Varasamt í kröppum beygjunum upp Húsadalinn.

**85.**

**Bjarnardalur í Önundarfirði (60)**

*NA-átt / V- og SV-átt.*

Varasamur kafli ofantil í Bjarnardal á norðanverðri Gemlufallsheiðinni þar sem bílar hafa fokið út af og orðið slys. Í NA-átt ber töluvert á slæmu endurkasti vinds frá hvilftunum handan dalsins. Algengt í hörðum NA-vetrarveðrum, en fátítt annars. Þegar hvasst er af SV og V skellur vindurinn sér niður í dalverpi meðfram Kaldbak. Algengast með mildu lofti að haustlagi eða í vetrarhlákum fremur en útsynningi með éljum. Ekki algengt en hviðurnar skella þvert á veginn og eru varhugaverðar.

**86.**

**Neðri Breiðadalur (64)**

*NA-átt*

Um 300 m kafli á Flateyrarvegi rétt utan við Neðri-Breiðadal. Svíptivindar standa niður brattan Breiðadalsstigann og þvert á veg. Bílar hafa oft fokið þarna út af.

**87.**

**Arnardalur (61)**

*S- og SSV-átt*

Í hvassri S-átt koma snarpar hviður út Arnardalinn við vestanverða Kirkjubólshlíð á milli Ísafjaðar og Súðavíkur. Þetta er stuttur kafli, en hnútarnir eru þvert á akstursstefnuna. Ekki algengt og þá helst í verstu veðrum. Fok bíla hefur komið fyrir og slys orðið.

## Norður- og Norðausturland:

90.

### Enniskot í Víðidal (1)

SA- og S-átt

Utantil í Víðidal á nokkuð löngum kafla frá Lækjarmóti að Gröf gerir hörð veður þegar vindáttin er SA eða S. Þá stendur sterk vindröst meðfram fjöllum. Einna mest kveður að hvössum og byljóttum vindinum á hæð í víðri beygju á veginum til móts við Enniskot. Þar er vindstefnan líka því sem næst hornrétt á veginn. Dæmi eru um að bílar hafi fokið á þessum slóðum.

91.

### Breiðavaðsbrekka (1)

NA-átt

Í Breiðavaðsbrekkunni frá gatnamótum Skagastrandarvegar gerir í NA-átt hörð veður og bílar hafa oft fokið þarna út af, sérstaklega að vetrarlagi og á þá hálfka stundum einnig hlut að máli. Frá brekkurótunum og inn eftir Langadal er áfram hvasst allt að Fremsta-Gili, en vindurinn jafnari og þar minna um hnúta. Vindmælir.

92.

### Stafá (76)

S- og SV-átt

Stuttur kafla á Siglufjarðarvegi beggja vegna við ræsi þar sem Stafá rennur undir veginn. Brattur múlinn vestan við Stafárdal magnar upp harða hnúta. Í hvassri SV-átt, hefur klæðning ítrekað fokið af veginum. Algengt og hviður eru einna tíðastar við Stafá. Vindmælir.

93.

### Barðshyrna ofan Gautlands (76)

SV-átt

Á kafla í Fljóttum milli bæjanna Gautlands og Fyrirbarðs. Þarna standa SV-byllir af Barðshyrnunni niður yfir veginn og eru harðastir í lægð á veginum mitt á milli bæjanna. Þarna hafa bílar fokið út af.

94.

### Sauðanes á Siglufjarðarvegi (76)

S- og SSV-átt

Þekktar eru rokurnar sem standa þvert á veginn ofan við Sauðanes og koma niður Dalbæjarfjall. Kaflinn sem um ræðir nær frá mynni Úlfsdala að vestanverðu austur fyrir gatnamót Sauðanes, langleiðina að Strákagöngum. Slys hafa orðið á þessum stað. Vindmælir.

**95.**

**Skútudalur í Siglufirði (76)**

*NA-átt*

Við brúna yfir Skútuá í áttina að Héðinsfjarðargöngunum getur orðið sviptivindasamt þegar hvasst er í NA-átt skáhalt á veginn. Þarna nær vindurinn sér á strik meðfram hlíðinni undir Hestskarðshnjúki. Algengt, einkum að vetrarlagi, en vegkaflinn þar sem verst lætur er stuttur.

**96.**

**Kræklingahlíð – Moldhaugnaháls (1)**

*SV-átt*

Svipivindar eru algengir á um 5 km kafla í SV-átt á Moldhaugnahálsi og inn Kræklingahlíðina undir Dvergastein skammt norðan bæjarmarka Akureyrar við Lónsá. Ökutæki lenda oft í vandræðum en ekki alltaf á sömu stöðunum. Höggin koma á blettum og í víðri beygju upp á Moldhaugnahálsi þvert á veginn. Á veturna fylgir gjarnan skafrenningskóf sem gerir aðstæður sérlega varasamar.

**97.**

**Krossar á Árskógsströnd (82)**

*VSV-átt*

Kemur fyrir að það gerir hættulega hnúta þvert á veg við bæinn Krossa á Árskógsströnd og út að Hámundarstöðum. Í hörðustu veðrum og í tiltölulega þröngri vindátt rétt sunnan við vestur. Þegar slær til ætlar líka allt um koll að keyra á þessum vegkafla undir bröttu Hámundarstaðafjallinu.

**98.**

**Ljósavatnsskarð (1)**

*SV- og V-átt*

Í þröngu Ljósavatnsskarðinu verður á milli hárra fjallanna mjög byljótt þegar hvasst er af SV eða V. Vindur í lofti þarf að ná nokkrum styrk svo hviðurnar nái niður á láglendið. Mikil fjallaköst verða á kaflanum frá Hálsi um hæð sem kallast Steinholt, austur að Birningsstöðum. Austar er annar afmarkaður stuttur kafli sem þykir skeinuhættur til móts við bæinn Kross við endann á Ljósavatni.

**99.**

**Tjörnesvegur (85)**

*SV- og V-átt*

Á austanverðu Tjörnesi gerir talsvert miklar rokur í V- og SV-átt. Nokkurra kílómetra kafli frá Bangastöðum austur að Gerðibrekku nærri veðurstöðinni sem þar er. Þvert á veg og dæmi um fok ökutækja og/eða tengivagna.